

128. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

128. fundur framkvæmda- og veitustjórnar, haldinn fimmtudaginn 16.mars 2006 kl. 16:00 í Rauðahúsinu Eyrarbakka.

Mættir:	
Þorvaldur Guðmundsson	Gylfi Þorkelsson
Torfi Áskelsson	Arnar Freyr Ólafsson
Ásbjörn Ó. Blöndal, veitustjóri	Páll Leó Jónsson
Rósa Sif Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð	

Gestir: Einar Njálsson bæjarstjóri, Guðmundur Þorsteinsson, Þorfinnur Snorrason, Jón Tryggvi Guðmundsson og Páll Kristinsson.

Frá ÍSOR: Guðni Axelsson, Magnús Ólafsson og Árni Hjartarson

Formaður lagði fram breytingu á dagskrá sem var samþykkt.

Dagskrá:

1.	Skýrsla um neysluvatnförlun; næstu skref.
	Áætlun um frekari virkjanir hitaveitu við Ósabotna.
	<p>Guðni Axelsson fór yfir vinnu ÍSOR fyrir Selfossveitur og Vatnsveitu Árborgar að undanförlun og í gegnum árin.</p> <p>Magnús Ólafsson greindi frá helsur niðurstöðum úr efnaeftirliti á jarðhitasvæði Selfossveitna.</p> <p>Guðni Axelsson fjallaði um afkastagetu jarðhitakerfis í Ósabotnum. Guðni talaði einnig um virkjanir að Ósabotnum í fjarveru Kristjáns Sæmundssonar og sett fram hugmyndir Kristjáns að frekari jarðhitavinnslu þar.</p> <p>Árni Hjartarson fjallaði að lokum um stöðu neysluvatnsvinnslu á vatnsveitusvæðum Vatnsveitu Árborgar og virkjanamöguleika til öflunar vatns í framtíðinni.</p>

2.

Húsnæðismál Austurvegi 67.

Formaður lagði fram tillögu framkvæmdastjóra um húsnæðismál að Austurvegi 67. Sjá tillögu

Tillaga:

Eins og áður hefur verið rætt í stjórn f&v þarf að bæta aðstöðu starfseminnar að Austurvegi 67.

Við sameiningu veitna og annarrar tæknistarfsemi sveitarfélagsins minnkaði athafnarými innanhúss um 71 % eða úr um 870 fermetrum í 255 fermetra. Gerð hefur verið húsrýmisáætlun fyrir starfsemina og lætur nærri að byggingarþörf sé í kringum 550 – 750 fermetrar iðnaðarhúsnæðis, um 200 fermetrar fyrir skrifstofu- og þjónustuhúsnæði og 500 fermetrar í hálfupphituðu/óupphituðu skemmu-/geymslurými.

Til að mæta allra brýnustu þörfinni samþykkir stjórn framkvæmda- og veitusviðs að leggja til við bæjarstjórn að hafist verði handa nú þegar við hönnun viðbygginga við núverandi iðnaðar – og skrifstofuálmur sem taki til um 230 fermetra stækkun á iðnaðarálmum og um 95 fermetra stækkun á skrifstofu og þjónustuálmum. Jafnframt verði leyst úr skorti á bílastæðum. Viðbyggingarnar verði í útlitshönnun eins og byggingarálmurnar sem fyrir eru og verði þær stækkaðar til austurs. Áætlaður byggingarkostnaður er 50 mkr. Viðbyggingarnar verði tilbúnar sumarið 2007.

Framkvæmdastjóri

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3.	Önnur mál.		
	Engin		

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 18:10